

# ÁRSSKÝRSLA 2021

Starfsáætlun 2022

**FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ  
VESTFJARÐA**



**Fræðslumiðstöð Vestfjarða**  
Miðstöð símenntunar á Vestfjörðum

**Fræðslumiðstöð Vestfjarða**  
Kennitala 511199-2049  
Suðurgata 12, 400 Ísafjörður  
Heimasíða [frmst.is](http://frmst.is)  
Netfang [frmst@frmst.is](mailto:frmst@frmst.is)  
Ársskýrsla 2021 og starfsáætlun 2022

Mái 2022

## Efnisyfirlit

Fræðslumiðstöð Vestfjarða .....	5
Fulltrúaráð og stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2021 .....	6
Fulltrúar Fræðslumiðstöðvar í öðrum stofnunum .....	7
Starfsfólk Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2021.....	7
Kennarar og leiðbeinendur.....	7
Starfsstöðvar og starfsaðstaða.....	8
Ísafjörður .....	8
Patreksfjörður.....	8
Rekstur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.....	9
Formlegir samstarfsaðilar.....	9
Mennta- og menningarmálaráðuneytið.....	9
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – Fræðslusjóður .....	9
Háskólaþing Vestfjarða .....	10
Fjölmenn .....	10
Virki og Starfsendurhæfing Vestfjarða .....	10
Námið .....	11
Fjöldi námskeiða og fjöldi þátttakenda .....	11
Fjöldi nemendastunda.....	12
Nemendastundir eftir svæðum (kennslustað) .....	13
Skipting eftir lögheimili þátttakenda.....	14
Kynjahlutfall þátttakenda .....	15
Vottaðar námsleiðir.....	15
Réttindanámi.....	16
Íslenskunámskeið fyrir útlendinga .....	17
Almenn námskeið .....	18
Fullorðinsfræðsla fatlaðra .....	18
Náms- og starfsráðgjöf/hvatningarviðtöl.....	19
Raunfærnimat .....	20
Þjónusta við atvinnulíf.....	20
Fræðsla fyrir fyrirtæki og stofnanir .....	20
Þjónusta við Vinnumálastofnun á Vestfjörðum .....	21
Samstarf við stéttarfélag og starfsmenntasjóði .....	21
Smáskipanám .....	21
Frístundafiskimenn.....	22

Próunarverkefni.....	22
Starfsáætlun 2022 .....	23
Starfsmarkmið fyrir árið 2022 .....	23
Fjárhagsáætlun 2022 .....	24
Vottaðar námsleiðir.....	24
Náms- og starfsráðgjöf.....	25
Raunfærnimat .....	25
Íslenska fyrir útlendinga .....	25
Fullorðinsfræðsla fyrir fólk með fötlun .....	25
Erlend verkefni .....	25
Þjónusta við fyrirtæki og stofnanir .....	26
Lokaorð.....	26

## Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Hér gefur að líta 22. ársskýrslu Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og er henni ætlað að lýsa starfsemi og verkefnum miðstöðvarinnar árið 2021. Einnig fylgir starfsáætlun fyrir árið 2022.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða er sjálfseignarstofnun sem hefur það markmið að efla menntun á Vestfjörðum og þá einkum að standa fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námskrárbundið nám á grunn- og framhaldsskólastigi, nema sérstaklega verði um það samið. Í þessu sambandi skulu þarfir atvinnulífs og íbúa sérstaklega hafðar í huga. Lögð skal áhersla á að sem flestir íbúar Vestfjarða hafi aðgang að þjónustu Fræðslumiðstöðvarinnar óháð búsetu. Fræðslumiðstöðin hafi enn fremur forgöngu um fjarkennslu á sem flestum sviðum.

Helstu verkefni sem starfsfólk Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða sinnti á árinu 2021 voru:

- Skipulagning og umsjón með námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins
- Skipulagning og umsjón með íslenskunámskeiðum
- Skipulagning og umsjón með almennum námskeiðum
- Raunfærnimat
- Náms- og starfsráðgjöf
- Hvatningarviðtöl
- Fræðslustjóri að láni ásamt ráðgjöf til fyrirtækja
- Upplýsingamiðlun
- Nemendabókhald
- Afgreiðsla og bókhald
- Próftaka háskólanema og annarra á Ísafirði, Hólmavík og Patreksfirði

## Fulltrúaráð og stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2021

Við Fræðslumiðstöðina er starfrækt fulltrúaráð, skipað einum fulltrúa frá hverjum stofnaðila og einum til vara. Fulltrúaráðið er æðsta stjórn miðstöðvarinnar. Hlutverk þess er að ákveða meginþætti í stefnu og starfstilhögun Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.

Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða er þannig skipað:

Stofnun/samtök	Aðalfulltrúi	Varafultrúi
Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks	Sif Huld Albertsdóttir – varaformaður fulltrúaráðs	Aðalstein Óskarsson
Kjölur (áður FosVest)	Ragnheiður Ása Ingvarsdóttir	Þórunn Sunneva Pétursdóttir
Fjórðungssamband Vestfirðinga	Baldur Smári Einarsson	Árný Huld Haraldsdóttir
Menntaskólinn á Ísafirði	Jón Reynir Sigurvinsson	Hildur Halldórsdóttir
Náttúrustofa Vestfjarða	Sigurður Halldór Árnason	Hulda Birna Albertsdóttir
Útvegsmannafélag Vestfjarða	Einar Valur Kristjánsson	Kristján G. Jóakimsson
Verkalýðsfélag Vestfirðinga	Ásdís Birna Pálsdóttir	Margrét Jóhanna Birkisdóttir
Vestfjarðastofa	Sigríður Kristjánsdóttir	Aðalsteinn Óskarsson
Vinnuveitendafélag Vestfjarða	Kristján G. Jóhannsson – formaður fulltrúaráðs	Sigurður Viggósson

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða er skipuð fimm fulltrúum. Þrjú aðalfulltrúar og þrjú til vara eru kosnir á aðalfundi fulltrúaráðs, einn aðalfulltrúi og einn til vara eru tilnefndir af skólanefnd Menntaskólans á Ísafirði og þá á formaður fulltrúaráðs sjálfkrafa setu í stjórn og er varaformaður fulltrúaráðs varamaður hans. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða skipa nú:

- Jón Reynir Sigurvinsson, formaður, Menntaskólanum á Ísafirði, Heiðrún Tryggvadóttir tók við formennsku í byrjun árs 2022
- Ragnheiður Ása Ingvarsdóttir, Kili (áður Félagi opinberra starfsmanna á Vestfjörðum)
- Arnheiður Jónsdóttir
- Kristján G. Jóhannsson, Vinnuveitendafélagi Vestfjarða, formaður fulltrúaráðs
- Sigurður Halldór Árnason, Náttúrustofu Vestfjarða

Varamenn stjórnar:

- Ásdís Birna Pálsdóttir, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga
- Einar Valur Kristjánsson, Útvegsmannafélagi Vestfjarða
- Hildur Halldórsdóttir, Menntaskólanum á Ísafirði
- Margrét Birkisdóttir, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga
- Þórunn Sunneva Pétursdóttir, Kili (áður Félagi opinberra starfsmanna á Vestfjörðum)

Á milli aðalfunda hélt stjórnin þrjá bókaða fundi. Formaður stjórnar og formaður fulltrúaráðs voru í tíðari samskiptum við forstöðumann.

## Fulltrúar Fræðslumiðstöðvar í öðrum stofnunum

Fræðslumiðstöð Vestfjarða á aðild að Háskólasetri Vestfjarða, Vestfjarðastofu og Starfsendurhæfingu Vestfjarða. Eftirtaldir eru fulltrúar miðstöðvarinnar á aðalfundum/ársfundum þessara aðila:

Háskólasetur Vestfjarða: Aðalmaður Dagný Sveinbjörnsdóttir, varamaður Sædís María Jónatansdóttir.

Vestfjarðastofa: Aðalmaður: Sædís María Jónatansdóttir, varamaður Dagný Sveinbjörnsdóttir.

Starfsendurhæfing Vestfjarða: Aðalmaður Sædís María Jónatansdóttir, varamaður Sigurborg Þorkelsdóttir.

## Starfsfólk Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2021

Í byrjun árs voru 5,8 stöðugildi hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða en í lok árs voru stöðugildin 4,55 sem er samdráttur frá fyrri árum. Á árinu urðu þær breytingar að Sigurborg Þorkelsdóttir verkefnastjóri, sem starfað hefur hjá miðstöðinni frá árinu 2007, lét af störfum sökum aldurs. Þá hætti einnig Kristín Pétursdóttir bókarí og var þá bókhald fært til Endurskoðunar Vestfjarða. Unnur Ólafsdóttir þjónustustjóri á Ströndum og Reykhólum féll frá í júní 2021. Þær Sigurborg, Kristín og Unnur fá kærar þakkir fyrir samstarfið og vel unnin störf.

Í lok árs 2021 störfuðu hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða:

- Barbara Maria Gunnlaugsson, verkefnastjóri, 80% starfshlutfall.
- Dagný Sveinbjörnsdóttir, verkefnastjóri, 50% starfshlutfall.
- Davíð Rúnar Gunnarsson, verkefnastjóri í Vesturbyggð og Tálknafirði, 50% starfshlutfall.
- Elzibeta Pawluczuk, ræsting, 25% starfshlutfall.
- Helga Konráðsdóttir, verkefnastjóri og náms- og starfsráðgjafi, 100% starfshlutfall.
- Sólveig Bessa Magnúsdóttir, verkefnastjóri, 50% starfshlutfall.
- Sædís María Jónatansdóttir, forstöðumaður, 100% starfshlutfall.

## Kennarar og leiðbeinendur

Stór hluti af starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða byggist á vinnu verktaka sem sjá um kennslu námskeiða og námsleiða. Verktakar sjá líka um að vera matsaðilar í raunfærnimati.

Fræðslumiðstöðin leggur mikla áherslu á að þeir sem kenna séu sérfræðingar á sínu sviði. Þótt miðstöðin sæki líka kennara út fyrir svæðið þá er lagt mikið upp úr því að fá kennara sem búa á Vestfjörðum. Með því er verið að nýta þá þekkingu sem til er á svæðinu, byggja upp reynslu og skapa atvinnu.

Árið 2021 voru verktakar hjá miðstöðinni rétt rúmlega 60 talsins og að tveimur þriðju hluta búsettir á Vestfjörðum.

## Starfsstöðvar og starfsaðstaða

Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur í langan tíma verið með starfsstöðvar á þremur stöðum á Vestfjörðum en frá hausti 2021 hefur miðstöðin ekki haft fast aðsetur á Hólmavík og eingöngu átt samstarf við verktaka á staðnum.

### Ísafjörður

Miðstöðin leigir rúmlega 300 fermetra húsnæði af Vestra ehf. á 1. hæð að Suðurgötu 12. Aðstaðan samanstendur af tveimur kennslustofum, fjórum skrifstofurýmum og sameiginlegu rými. Önnur kennslustofan var ónothæf í byrjun árs sökum raka og myglu en komst í gagnið þegar viðgerð var lokið. Húsgögn í kennslustofum eru komin til ára sinna og einnig þær tölur sem ætlaðar eru nemendum og áform eru nú um endurnýjun. Ákjósanlegt að festa kaup á a.m.k. einni gagnvirkri töflu með innbyggðum skjávarpa.

### Patreksfjörður

Á Patreksfirði er Fræðslumiðstöðin með aðstöðu í þekkingarsetrinu SKOR. Í SKOR er námskeiðsaðstaða fyrir litla hópa og aðstaða til að taka próf hvort sem eru háskólapróf eða framhaldsskólapróf. Þegar upp koma verkefni fyrir stærri hópa hafa húsnæðismál verið leyst með öðrum hætti.



## Rekstur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

Árið 2021 var rekstur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða jákvæður. Auk hefðbundinna verkefna var unnið að frekari innleiðingu á Innu, sem er það nemendabókhaldskerfi sem allar símenntunarmiðstöðvar nota. Í Innu eru skráðar allar vottaðar námsleiðir, niðurstöður úr raunfærnimati og viðtöl í náms- og starfsráðgjöf, ásamt hvatningarviðtölum. Jafnframt voru tekin fyrstu skrefin í að draga úr pappírnotkun í bókhaldi. Áform eru um að bókhald, reikningar og verktakasamningar verði alfarið á rafrænu formi.

## Formlegir samstarfsaðilar

### Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Fræðslumiðstöð Vestfjarða og mennta- og menningarmálaráðuneytið gerðu með sér samning þann 18. desember 2014 en hann rann út í lok árs 2018. Framhald á samningnum var gert fyrir árið 2019, 2020 og 2021. Í samningnum frá 2014 er kveðið á um þá þjónustu sem Fræðslumiðstöðin á að veita. Þar segir:

Fræðslumiðstöðin mun vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Vestfjörðum; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa, þ.á.m. bjóða fólki með erlend móðurmál íslenskukennslu. Þjónusta á sviði framhaldsfræðslu skal veitt og þróuð í samstarfi meðal annars við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila. Fræðslumiðstöðin mun vera með fjarnáms- og kennsluaðstöðu á Vestfjörðum vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á framhaldsskólastigi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir.

Úthlutun til Fræðslumiðstöðvarinnar á fjárlögum ársins 2021 voru 20 milljónir auk viðbótarframlags upp á 6,5 milljónir. Samkvæmt áætlunum þá eru áætluð framlög mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir árið 2022 kr. 26,9 milljónir en viðbótarframlag er inni í þeirri upphæð.

### Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – Fræðslusjóður

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. FA er með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið annars vegar og símenntunarmiðstöðvarnar hins vegar.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

- framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald
- framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf
- styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða sækir á hverju ári um úthlutun úr sjóðnum. Fyrir árið 2021 fengust rúmar 18 milljónir til kennslu vottaðra námsleiða, rúmar 8,8 milljónir í raunfærnimat og rétt um 5,3 milljónir til náms- og starfsráðgjafar. Samtals numu því framlög Fræðslusjóðs árið 2021 um 32 milljónum. Því miður þurfti að flytja stóran hluta að fjármagni vegna raunfærnimats til ársins 2022, sem lækkar raunframlög ársins. Á haustönn 2021 fékkst svo viðbótarframlag vegna verkefnis Vinnuálastofnunar *Nám er tækifæri*, tæplega 6 milljónir króna og var það fjármagn nýtt í námsleiðir.

### **Háskólaþætur Vestfjarða**

Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Háskólaþætur Vestfjarða hafa lengi verið með samning sín á milli um að á Hólmavík og Patreksfirði sjái miðstöðin um framkvæmd prófatöku fyrir háskólana í landinu. Árið 2021 sá starfsfólk Fræðslumiðstöðvarinnar einnig að hluta til um yfirsetu prófa á Ísafirði. Fræðslumiðstöðin og Háskólaþætur hafa einnig haft samvinnu sín á milli varðandi kennsluhúsnæði þegar önnur hvor stofnunin þarf auka kennslustofu.

### **Fjölmennt**

Fræðslumiðstöðin er með þjónustusamning við Fjölmennt – símenntunar og þekkingarmiðstöð um sí- og endurmenntun fyrir fólk með fötlun, 20 ára og eldra og hefur sá samningur verið endurnýjaður árlega. Í samningnum segir að miðstöðin eigi að bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir fólk með fötlun á Vestfjörðum. Framlög til námskeiðahalds voru 3 milljónir á árinu 2021 auk 700 þúsund króna viðbótarframlags og voru haldin 20 námskeið. Þetta er hópur sem mjög takmarkað getur nýtt sér fjarkennslu og því er einkar ánægjulegt að hægt var að halda svo mörg námskeið í ljósi sóttvarnaaðgerða og samkomutakmarkana sökum heimsfaraldursins.

### **Virk og Starfsendurhæfing Vestfjarða**

Gott samstarf er við Starfsendurhæfinguna og Virk, en einstaklingar sem eru í þjónustu þar geta sótt ákveðin námskeið hjá Fræðslumiðstöðinni sem hluta af sínum úrræðum og fengið þjónustu náms- og starfsráðgjafa.

## Námið

Þegar tölfraeði náms ársins 2021 er skoðuð eru nokkur atriði sem rétt er að hafa í huga, sum tengjast Covid-19 og önnur ekki.

Í stórum dráttum þá er aukning í námi sem kennt er með stuðningi utanaðkomandi aðila en samdráttur í almennu námi. Hér er átt við vottaðar námsleiðir FA, íslenskunám og nám fyrir fólk með fötlun. Almenn markast framboð af námi í þessum flokkum af því fjármagni sem miðstöðin fær árlega úthlutað en árið 2021 komu til viðbætur sem gerðu miðstöðinni kleift að leggja enn meiri áherslu á þessa flokka náms. Verkefni á vegum Vinnumálstofnunar, *Nám er tækifæri*, gerði miðstöðinni mögulegt að bjóða upp á fleiri námsleiðir FA fyrir atvinnuleitendur. Einnig fékkst aukaúthlutun frá Fjölmenn til kennslu námskeiða fyrir fólk með fötlun. Þessar viðbætur hafa orðið til þess að bæði fjöldi nemenda og fjöldi nemendastunda í þessum flokkum náms jókst frá fyrra ári og var yfir þeim markmiðum sem sett höfðu verið.


Samkomutakmarkanir vegna Covid-19 gerðu það að verkum að meira en helmingur alls náms hjá Fræðslumiðstöðinni var kennt í fjarkennslu. Þetta hefur aukið möguleika fólks á að taka þátt í námi Fræðslumiðstöðvarinnar óháð búsetu og skilaði fleiri þátttakendum með lögheimili utan Vestfjarða. Hins vegar hefur þetta ekki ýtt undir þátttöku Vestfirðinga sjálfra og í raun hefur verið töluverð fækkun þátttakenda með lögheimili á Vestfjörðum sem er vissulega áhyggjuefni.

Í fyrsta skipti frá stofnun Fræðslumiðstöðvarinnar var ekkert réttindanámi í boði. Reglugerðabreyting sumarið 2020 varð til þess að endurskoða þurfti námskrár í smáskipanámi (bæði skipstjórn og vélstjórn) og lágu nýjar námskrár ekki fyrir fyrr en komið var fram á árið 2021. Seint og illa gekk að fá tilskilin leyfi frá Samgöngustofu fyrir kennslu námsins og því náðist ekki að bjóða upp á það árið 2021.


Hér á eftir eru helstu tölulegar upplýsingar um námið 2021.

### Fjöldi námskeiða og fjöldi þátttakenda

Fræðslumiðstöð Vestfjarða stóð fyrir 118 námskeiðum árið 2021 (110 árið 2020). Fjölgun námskeiða á milli ára er vegna fleiri vottaðra námsleiða, íslenskunámskeiða og námskeiða fyrir fólk með fötlun. Almenn námskeið stóðu í stað en ekkert réttindanámi var í boði.




Samanlagður fjöldi þátttakenda í öllu námi hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árið 2021 var 1.194 sem er nokkur fækkun frá árinu 2020 þegar þátttakendur voru 1.265.




Rúmur helmingur þátttakenda, 631 manns, voru að sækja almenn námskeið, 305 voru skráðir á íslenskunámskeið, 176 tóku þátt í vottuðu námi og þátttakendur á námskeiðum fyrir fólk með fötlun voru 82. Fækkunin á milli ára er tilkomin vegna færri þátttakenda á almennum námskeiðum og engra þátttakenda í réttindanámi. Í öðrum námskeiðsflokkum fjölgaði þátttakendum frá árinu á undan.

### Fjöldi nemendastunda

Nemendastundir eru mælikvarði á umfangi fræðslustarfs en þar er búið að margfalda fjölda nemenda á hverju námskeiði með fjölda kenndra kennslustunda á sama námskeiði. Starfsmarkmið fyrir árið 2021 voru 25.500. Markmiðið náðist og rúmlega það þar sem nemendastundir enduðu í 29.615. Enn er þó nokkuð í land að ná þeim fjölda sem var árin fyrir Covid.



Í samanburði við fyrra ár fjölgaði nemendastundum í íslensku, vottuðu námi og námi fyrir fólk með fötlun en fækkaði í öðrum flokkum. Nánar verður fjallað um nemendastundir í einstökum flokkum hér á eftir.



### Nemendastundir eftir svæðum (kennslustað)


Dreifing nemendastunda á milli svæða var ekki í takti við það sem sett var fram í starfsmarkmiðum ársins 2021. Þegar talað er um svæði hér þá er átt við hvar námskeið er haldið en ekki búsetu nemenda. Í markmiðunum er annars vegar horft til námskeiða sem eru niðurgreidd eða styrkt, þ.e. vottað nám með stuðningi Fræðslusjóðs, íslenska með stuðninga frá Rannís og nám fyrir fólk með fötlun í samstarfi við Fjölmennt, og hins vegar eru sett markmið fyrir annað nám sem eru þá almenn námskeið og réttindánám.

Í stuttu máli náðust ekki markmið um staðkennd námskeið á neinu svæði en nemendastundir urðu mun fleiri í fjarkenndum námskeiðum en gert hafði verið ráð fyrir. Þessi niðurstaða endurspeglar það gjörbreytta umhverfi sem hefur fylgt Covid faraldrinum.

Nemendastundir skipt eftir svæðum og flokkum – starfsmarkmið 2021 og árangur.				
Svæði	Niðurgreitt nám (vottaðar námsleiðir, íslenska og nám fyrir fatlaða)		Annað nám (almenn námskeið og réttindánám)	
	Markmið	Árangur	Markmið	Árangur
Norðursvæði	6.000	5.702	2.500	1.776
Suðursvæði	800	90	600	108
Strandir og Reykhólar	100	0	100	141
Fjarkennt	13.100	20.667	2.300	1.131
<b>Samtals</b>	<b>20.000</b>	<b>26.459</b>	<b>5.500</b>	<b>3.165</b>

### Skipting eftir lögheimili þátttakenda

Í gegnum tíðina hefur þátttaka á námskeiðum verið langmest á norðanverðum Vestfjörðum þar sem mannfjöldinn er mestur. Árið 2021 var þar engin undantekning. Skipt eftir svæðum þá voru þátttakendur með skráð lögheimili á norðanverðum Vestfjörðum 759 (966 árið 2020), í Vesturbýggð og Tálknafirði 98 (165 árið 2020), á Ströndum og Reykhólum 63 (93 árið 2020) en 274 (41 árið 2020) með skráð lögheimili utan Vestfjarða. Þetta er töluverð fækkun á öllum svæðum Vestfjarða samhliða því sem fólki búsett utan Vestfjarða fjölgar mikið.




Þegar Covid-19 skall á með öllum sínum sóttvarnareglum og samkomutakmörkunum í mars 2020 var allt nám í Fræðslumiðstöðinni í einni svipan sett í fjarkennslu. Þessi umskipti hafa haft ýmiskonar áhrif á námið sem enn er ekki séð fyrir endann á. Með fjarkennslunni hafa möguleikar Vestfirðinga sem búa utan norðanverðra Vestfjarða á að sækja nám miðstöðvarinnar aukist töluvert. Hins vegar virðist það ekki skila sér þar sem þátttaka fólks á þeim svæðum hefur dregist meira saman en þátttaka þeirra sem eru með lögheimili á norðanverðum Vestfjörðum þrátt fyrir aukið framboð á fjarkenndu námi.

Fjarkennslan hefur hins vegar fjölgað þátttakendum sem búa utan Vestfjarða. Þar eru tvö verkefni sem ráða lang mestu. Í fyrsta lagi er íslenskukennsla fyrir Taílandinga þar sem nokkrir fjölmennir hópar hafa verið í gangi og lang flestir þátttakendur með lögheimili utan Vestfjarða. Hins vegar er verkefni sem unnið er í samstarfi við Fræðagarð – félag háskólamenntaðra en nánast allir þátttakendur sem koma í gegnum það verkefni eru búsettir utan Vestfjarða. Nánar er fjallað um það verkefni hér á eftir.

### Kynjahlutfall þátttakenda

Nánast frá stofnun Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða hefur verið töluverður kynjahalli á námskeiðum, körlum í óhag. Aðeins einu sinni hefur hlutfall karla verið hærra en kvenna en það var árið 2018. Árið 2021 var mikið kvenna ár þar sem 75% þátttakenda voru konur en 25% karlar. Hér hefur mjög mikið að segja að ekkert réttindanam var í boðið en slíkt nám hefur að langmestu leyti verið sótt af körlum.



### Vottaðar námsleiðir


Vottaðar námsleiðir eru kenndar samkvæmt námskrám frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með stuðningi Fræðslusjóðs og eru ætlaðar fólki sem ekki hefur lokið námi í framhaldsskóla. Á árinu 2021 voru alls 14 hópar í vottuðum námsleiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Flestar námsleiðirnar sem kenndar voru eru fremur stuttar, um og innan við 60 kennslustundir en svo eru dæmi um lengri leiðir eins og *Skrifstofuskólann* sem er 300 kennslustundir. Allar námsleiðirnar, að fiskvinnslunámskeiðunum undanskildum, voru fjarkenndar með Zoom eða Teams.

Námsleið	Hópar
Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk	3
Íslensk menning og samfélag	1
Líf og heilsa	2
Meðferð matvæla	2

Samfélagstúlkun	1
Skrifstofuskólinn	1
Sterkari starfskraftur	1
Stökkpallur	2
Uppleið	1

Líf og heilsa og Samfélagstúlkun voru framhald frá 2020 og það sama gilti um annan hópinn í Stökkpalli. Þrír hópar sóttu Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk í samstarfi við fiskvinnslufyrirtæki á svæðinu og var námið túlkað bæði á pólsku og taílensku. Í gegnum verkefnið *Nám er tækifæri* fékkst viðbótarfjármagn til þess að bjóða upp á meira nám fyrir atvinnuleitendur í samstarfi við Vinnumálastofnun en rúmaðist innan fjárveitinga Fræðslusjóðs og skilar það sér í fleiri námsleiðum á árinu. Báðir hóparnir í Stökkpalli voru í samstarfi við Vinnumálastofnun og einnig Uppleið sem kennd var á pólsku, einnig báðir hóparnir í *Meðferð matvæla* (annar var kenndur á pólsku), *Sterkari starfskraftur* og *Íslensk menning og samfélag*.

Samanlagður fjöldi þátttakenda í vottuðum námsleiðum voru 176 (voru 126 árið áður). Nemendastundir voru samt aðeins færri en árið á undan og má að hluta til rekja til þess að mikið af námsleiðunum voru annað hvort nokkuð stuttar eða kenndar að hluta.




## Réttindanám

Fræðslumiðstöðin hefur í gegnum tíðina átt í samstarfi við nokkra aðila varðandi réttindanám og hefur það farið eftir eftirspurn hverju sinni hvað er í boði. Sem dæmi þá hefur miðstöðin verið í samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði um nám í vélgæslu og einni um afnot af húsnæði, til dæmis fyrir verklegan hluta í vélgæslunámi, í samstarfi við Skipstjórnarskóla Tækniskólans um smáskipanám. Þá er miðstöðin með leyfi frá Samgöngustofu til að kenna endurmenntunarnámskeið sem atvinnubílstjórar þurfa að sækja til þess að endurnýja atvinnuréttindi sín.

Árið 2021 var í fyrsta skipti í sögu Fræðslumiðstöðvarinnar sem ekkert réttindanám var í boði. Ný reglugerð varðandi smáskipanám, bæði skipstjórn og vélstjórn, kallaði á nýjar námskrár fyrir þetta nám en töluvert var liðið á árið þegar þær lágu fyrir. Til stóð að byrja með smáskipnám á




haustönninni en þar sem mjög hægt gekk að fá leyfi frá Samgöngustofu fyrir kennslu námsins var það ekki mögulegt. Þá voru engin námskeið fyrir atvinnubílstjóra enda markaðurinn að mestu mettaður þar að sinni.




### Íslenskunámskeið fyrir útlendinga

Kennd voru 37 námskeið í íslensku fyrir útlendinga árið 2021. Síðari hluta ársins fékkst viðbótarúthlutun frá Rannís til íslenskukennslu, en framlagið verður að hluta til nýtt á árinu 2022. Þátttakendum fjölgaði á milli ára, úr 275 árið 2020 í 305 árið 2021, og nemendastundum sömuleiðis. Frá 2019 hefur verið samvinna við tvo kennara um að bjóða upp á sérsniðin fjarkennd námskeið fyrir Taílendinga og skrifast fjölgun þátttakenda í íslensku öll á hversu vel hefur tekist til með það verkefni. Þátttaka í öðrum íslenskunámskeiðum hefur dregist saman sem kemur þó ekki fram í færri námskeiðum heldur fámennari hópum.




## Almenn námskeið

Stærstur hluti þátttakenda í námi hjá Fræðslumiðstöðinni er að sækja hin svokölluðu almennu námskeið. Í þessum flokki eru bæði tómstundanámskeið og námskeið sem líta má á sem endurmenntun og starfsþróun. Samanlagður fjöldi þátttakenda árið 2021 var 631 (749 árið 2020) og nemendastundirnar 3.156 (3.772 árið áður). Þetta er nokkur fækkun frá 2020 og mikil fækkun frá árunum fyrir Covid. Hluti af skýringunni er líklega að minna hefur verið hægt að fara inn í fyrirtæki til að kynna og hvetja til náms en einnig þess að erfiðara hefur verið að virkja fólk almennt til þátttöku á þessum skrítnu tímum samkomutakmarkana.



## Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Á námskeiðum fyrir fólk með fötlun urðu nemendastundirnar á árinu 764 (voru 680 árið 2020) og þátttakendurnir 82 (voru 65). Þetta er nokkuð meira en árið á undan og skýrist af því að Fræðslumiðstöðin fékk aukafjárveitingu frá Fjölmennt þar sem einhverjum öðrum fræðsluaðilum tókst ekki að nýta allt fjármagn sem átti að fara í námskeiðahalds vegna Covid árið á undan.



## Náms- og starfsráðgjöf/hvatningarviðtöl

Hjá Fræðslumiðstöðinni starfar einn náms- og starfsráðgjafi sem sinnir hvatningar- og starfsþróunarsamtölum til ráðþega auk þess að bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf. Aðrir ráðgjafar og verkefnastjórar hjá miðstöðinni sinna einnig viðtölum og aðstoða fólk eftir þörfum. Í nokkur ár hefur verið boðið upp á hvatningarviðtöl á pólsku og er það töluvert notað. Ráðgjöf fer fram á starfsstöðvum Fræðslumiðstöðvarinnar, inn á vinnustöðum og í sífellt meira mæli í gegnum fjarfund eða síma.

Fyrir árið 2021 var framlag Fræðslusjóðs til náms- og starfsráðgjafar hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða rétt tæplega 5,3 milljónir, en þar af voru nýttar um 5 milljónir. Heildarfjöldi viðtala hjá Fræðslumiðstöðinni voru 402. Þar af voru 322 viðtöl greidd af Fræðslusjóði en 80 viðtöl voru greidd af öðrum. Um 40% viðtala voru rafræn (sími eða fjarfundur). Tölfræði viðtala er eftirfarandi:

Kyn	
Kona	171
Karl	231
<b>Alls</b>	<b>402</b>

Menntunarstig	
Grunnskóli	175
Framhaldsskóli (hóf nám en lauk ekki)	94
Stúdentspróf	17
Starfsmenntun - minna en tvö ár	73
Starfsmenntun - tvö ár eða meira	14
Iðnmenntun	16
Háskólapróf	13
<b>Alls</b>	<b>402</b>

Aldursbil	
25 ára og yngri	37
26-35 ára	104
36-45 ára	71
46-55 ára	95
56 ára og eldri	95
<b>Alls</b>	<b>402</b>

Viðtalstegund	
Hópráðgjöf	85
Hvatningarviðtal	95
Ráðgjafaviðtal	222
<b>Alls</b>	<b>402</b>

Staða á vinnumarkaði	
Atvinnuleitandi	165
Hlutastarf og hlutabætur	2
Í námi	18
Í starfi	192
Starfsendurhæfing	11
Öryrki	5
Annað	9
<b>Alls</b>	<b>402</b>

Ástæða viðtals	
Að eigin frumkvæði	128
Boðun í viðtal vegna VMST	101
Eftir kynningu í fyrirtæki eða stofnun	81
Eftirfylgni vegna raunfærnimats	9
Færnimöppugerð	16
Færnimöppugerð v. raunfærnimats	7
Skimun í raunfærnimat	37
Stuðningur í matssamtali	22
Tilvísun frá VIRK endurhæfingasjóði	1
<b>Alls</b>	<b>402</b>

Þjóðerni	
Ísland	203
Pólland	85
Aðrar þjóðir	15
<b>Alls</b>	<b>402</b>

## Raunfærnimat

Aukin áhersla hefur verið á raunfærnimat undanfarin ár. Vinna við raunfærnimat fellst í því að kynna matið fyrir mögulegum þátttakendum, veita ráðgjöf og aðstoða við undirbúning matsins, útvega matsaðila og skipuleggja framkvæmd og veita eftirfylgni og ráðgjöf að mati loknu. Hjá Fræðslumiðstöðinni var boðið upp á raunfærnimat fyrir þjónustubrautir (félagsliða, leikskólaliða og stuðningsfulltrúa), fisktækni (fiskvinnsla og fiskeldi) og í almennri starfshæfni. Í almennri starfshæfni er ekki matið á móti áföngum í formlega skólakerfinu og því fá þátttakendur engar einingar í því mati. Alls fóru 22 manns í gegnum raunfærnimat hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða og voru metnar einingar alls 1070.

Raunfærnimat hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða	Fjöldi þátt.	Konur	Karlar	Fjöldi metinna eininga	Meðaltal metinna eininga	Meðalaldur
Almenn starfshæfni	9	7	2	-	-	51
Þjónustubrautir (félagsliðar, leikskólaliðar, stuðningsfulltrúar)	2	1	1	130	65	32
Fisktækni	11	1	10	940	85	43
<b>Samtals</b>	<b>22</b>	<b>9</b>	<b>13</b>	<b>1070</b>	<b>49</b>	

Í samvinnu við Visku í Vestmannaeyjum fóru tveir aðilar í mat í skipstjórn og fengu samtals metnar 62 einingar. Í samvinnunni felst að þátttakendur fá aðstoð við undirbúning hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða en samstarfsaðilinn sér um verkefnastjórn og matið sjálft.

Ákveðið var að flytja hluta af raunfærnimatinu yfir á næsta ár en raunfærnimatsárið er 18 mánuðir og er því fram á mitt ár 2022.

## Þjónusta við atvinnulíf

Á árinu 2021 hefur Fræðslumiðstöðin haldið áfram leggja áherslu á að efla tengsl við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu, bæði með því að bjóða upp á starfstengd námskeið og aðra þjónustu eins og verkefnið Fræðslustjóra að láni.

### Fræðslustjóri að láni

Verkefnið Fræðslustjóri að láni byggist á að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja sem er sérhæfður í vinnustaðafræðslu og óformlegri menntun. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins, dregur fram það sem vel er gert, gerir eða dýpkar greiningu á þörfum fyrirtækisins og samhæfir við önnur námskeið eða viðurkenndar fræðsluleiðir innan óformlega fræðslukerfisins. Afurð verkefnisins er sérsniðin fræðsluáætlun þar sem búið er að leggja línurnar í fræðslumálum marga mánuði fram í tímann. Árið 2021 var lokið við eitt slíkt verkefni.

### Fræðsla fyrir fyrirtæki og stofnanir

Árið 2021 hóst samstarf milli Fræðslumiðstöðvar og Ísafjarðarbæjar um að bjóða upp á námskeið fyrir starfsfólk sveitarfélagsins. Í samráði við mannauðsstjóra Ísafjarðarbæjar var sett upp dagskrá

sem leiddi af sér að haldin voru sex námskeið. Því til viðbótar voru haldin fimm námskeið fyrir leikskóla í sveitarfélaginu, námskeið sem ekki voru inn á upprunalegu dagskránni. Í þessu sambandi skiptir samstarfssamningur við fræðslusjóðinn Sveitamennt mjög miklu máli (sjá nánar neðar).

Af annarri fræðslu sem sérstaklega var haldin fyrir fyrirtæki og stofnanir má nefna námskeið um fæði á hjúkrunarheimilum og nýliðanámskeið fyrir starfsfólk á hjúkrunarheimili, OneDrive, skyndihjálp, AutoCad og samskiptanámskeið fyrir millistjórnendur haldið á pólsku.

### **Þjónusta við Vinnumálastofnun á Vestfjörðum**

Fræðslumiðstöðin á gott samstarf við Vinnumálastofnun á Vestfjörðum s.s. í tengslum við ráðgjöf, úrræði og annað sem stofnunin er að leita eftir hverju sinni. Árið 2021 voru sjö hópar frá Vinnumálastofnun í vottuðum námsleiðum og er það meira en undanfarin ár. Eins og áður sagði gerði verkefnið *Nám er tækifæri* mögulegt að auka framboð á námsleiðum fyrir atvinnuleitendur. Til viðbótar við lengra nám þá voru haldin sex námskeið um gerð ferilskrár og/eða virkni í atvinnuleit og voru þau ýmist kennd á íslensku eða pólsku. Þar fyrir utan gátu atvinnuleitendur sótt önnur námskeið með stuðningi Vinnumálastofnunar.

### **Samstarf við stéttarfélög og starfsmenntasjóði**

Fræðslumiðstöðin hefur undanfarin ár verið með samning við sjóðina Sveitamennt og Ríkismennt um að allir starfsmenn sem vinna hjá ríki eða sveitafélögum og greiða til Verkalýðsfélags Vestfirðinga eða Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur geti sótt starfstengd námskeið sér að kostnaðarlausu, þ.e. sjóðirnir greiði fyrir sitt félagsfólk og Fræðslumiðstöðin sækir námskeiðsgjöldin beint til sjóðanna. Í kjölfar samkomutakmarkanna í mars 2020 var þetta samkomulag útvíkkað tímabundið, náði það þá einnig til Landsmenntar og allra fjarkenndra námskeiða hvort sem þau væru starfstengd eða ekki. Upphaflega átti samkomulagið að gilda til 31. ágúst 2020 en var svo framlengt út árið og aftur til loka september 2021.

Haustið 2020 hófst samstarf milli Fræðslumiðstöðvarinnar og Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum (nú Kjölur) um að félagsmenn gætu sótt námskeið miðstöðvarinnar sér að kostnaðarlausu að því gefnu að þeir hafi ekki þegar fullnýtt rétt sinn til endurgreiðslu náms. Upphaflega var samkomulagið til áramóta til reynslu en þótti gefa góða raun og var því haldið áfram árið 2021.

Haustið 2021 hófst samstarf Fræðslumiðstöðvarinnar og Fræðagarðs – félags háskólamenntaðra sem felur í sér að Fræðslumiðstöðin sjái um að skipuleggja og halda ákveðin námskeið fyrir félagsfólk í Fræðagarði. Námskeiðin eru stutt, fjarkennd og opin þátttakendum í einn mánuð. Á haustönn 2021 voru haldin tvö námskeið og tókust þau mjög vel. Búið er að skipuleggja nokkur námskeið á vorönn 2022.

Í gegnum tíðina hefur Fræðslumiðstöð einnig átt gott samstarf við Sameyki og Félag sjúkraliða þó að það hafi verið minna á árinu 2021.

### **Smáskipanám**

Eins og fram hefur komið varð reglugerðabreyting sumarið 2020 til þess að Fræðslumiðstöðin hefur ekki getað boðið upp á smáskipanám, hvorki í skipstjórn né vélstjórn, í vel á annað ár. Hins vegar varð miðstöðin þess strax vör að eftirspurn eftir náminu var töluverð og því lögð rík áhersla

á að koma því af stað aftur. Þegar ný námsskrá lá loks fyrir árið 2021 hófst mikil vinna við að fá tilskilin leyfi frá Samgöngustofu til þess að bjóða upp á námið en við lok ársins lá leyfið enn ekki fyrir.

## Frístundafiskimenn

Frá sumrinu 2012 hefur Fræðslumiðstöðin í samvinnu við ferðapjónustufyrirtæki og með leyfi Samgöngustofu séð um próf sem lögð eru fyrir erlenda frístundafiskimenn sem koma til Vestfjarða og hafa ekki nauðsynleg réttindi. Standist þeir prófið fá þeir tilskilin réttindi samkvæmt reglugerð nr. 1005/2010 (með síðari breytingum) um frístundafiskiskip og öryggi þeirra og námsskrá.

Sumarið 2021 fékk Fræðslumiðstöðin Veigar Gíslason til þess að hafa umsjón með próftökunni rétt eins og árið á undan. Prófað var á Flateyri og Suðureyri, alls 49 einstaklinga. Það er rúmlega tvöfalt fleiri en árið á undan þegar prófin voru aðeins 23. Áhrif Covid-19 á komu erlendra ferðamanna til Íslands eru þó enn greinileg því árin fyrir Covid voru prófin oft í kringum 100 talsins yfir sumarið.

	Fjöldi þátta.	Staður		Þjóðerni	
		Flateyri	Suðureyri	Þýskaland	Annað
Júní	10	6	4	4	6
Júlí	15	10	5	6	9
Ágúst	9	6	3	6	3
September	15	11	4	10	5
<b>Samtals</b>	<b>49</b>	<b>33</b>	<b>16</b>	<b>26</b>	<b>23</b>

## Þróunarverkefni

Undan farin ár hefur Fræðslumiðstöðin átt aðild að verkefni um gerð námsefnis um velferð fiska í tengslum við laxeldi, verkefni sem fékk styrk úr þróunarsjóð Fræðslusjóðs atvinnulífsins árið 2018. Verkefnið var unnið í samvinnu við Ann Cecile Hilling sem sá um gerð námsefnisins en það er bæði á íslensku og ensku. Árið 2021 var verkefninu formlega lokið með skilum á lokaskýrslu og tilraunakennslu námsefnisins sem Sigríður Gísladóttir dýralæknir sá um.

Þá hefur Fræðslumiðstöð verið þátttakandi í Evrópuverkefninu Blue mentor sem er verkefni sem tengist námi í fiskeldi. Sökum Covid lá verkefnið að mestu niðri á árinu.

## Viðurkenning fræðsluaðila

Haustið 2021 var unnið að því að endurnýja viðurkenningu fræðsluaðila frá Menntamálastofnun. Viðurkenning á starfsemi fræðsluaðila felur í sér staðfestingu á að starfsemi hans uppfylli skilyrði laga um framhaldsfræðslu hvað varðar hlutverk og markmið, skipulag náms og kennslu, aðstöðu og rekstur. Töluverð vinna var við að safna gögnum og yfirfara upplýsingar en umsóknarferlið hafði tekið nokkrum breytingum. Viðurkenningin fékkst þann 23. nóvember og gildir hún í þrjú ár.

## Starfsáætlun 2022

### Starfsmarkmið fyrir árið 2022

Á árinu 2022 setur Fræðslumiðstöð Vestfjarða sér að ná eftirtöldum markmiðum í starfsemi sinni.

- Heildartekjur verði umfram heildargjöld.
- Fjöldi nemendastunda í vottuðum námsleiðum, íslensku fyrir útlendinga og námi fyrir fatlaða verði  $\geq 25.000$ .
  - Þar af verði fjöldi nemendastunda á norðursvæði Vestfjarða  $\geq 5.700$ .
  - Þar af verði fjöldi nemendastunda á suðursvæði Vestfjarða  $\geq 500$ .
  - Þar af verði fjöldi nemendastunda á Reykhólum og Ströndum  $\geq 50$ .
  - Þar af verði fjöldi nemendastunda í fjarkennslu eða dreifnámi  $\geq 18.750$ .
- Fjöldi nemendastunda í öðru námi verði  $\geq 5.000$ .
  - Þar af verði fjöldi nemendastunda á norðursvæði Vestfjarða  $\geq 1.800$ .
  - Þar af verði fjöldi nemendastunda á suðursvæði Vestfjarða  $\geq 150$ .
  - Þar af verði fjöldi nemendastunda á Reykhólum og Ströndum  $\geq 100$ .
  - Þar af verði fjöldi nemendastunda í fjarkennslu eða dreifnámi  $\geq 2.950$ .
- Fjöldi viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa verði  $\geq 410$ .
- Þátttakendur í raunfærnimati verði frá öllum svæðum Vestfjarða.
  - Fjöldi þátttakenda í raunfærnimati í fisktækni/fiskeldi verði  $\geq 9$ .
  - Fjöldi þátttakenda í raunfærnimati í samstarfi við lðuna  $\geq 3$ .
  - Fjöldi þátttakenda í raunfærnimati í þjónustubrautum verði  $\geq 6$ .
  - Fjöldi þátttakenda í raunfærnimati í matartækni verði  $\geq 7$ .
  - Fjöldi þátttakenda í raunfærnimati í skipstjórn í samstarfi við Visku verði  $\geq 4$ .
  - Fjöldi þátttakenda í raunfærnimati í rafiðngreinum verði  $\geq 1$ .
  - Fjöldi þátttakenda í raunfærnimati í almennri starfshæfni verði  $\geq 8$ .
- Fræðslumiðstöð vinni að a.m.k. einu fræðslugreiningarverkefni (MARKVISS).
- Fræðslumiðstöð vinni áfram í Erasmus+ þróunarverkefni sem kallast Blue mentor og hefji þátttöku í öðru þróunarverkefni.
- Áframhaldandi samstarf við starfsmenntasjóði.
- Lokið verði við skipulagningu og fengin leyfi fyrir kennslu smáskipanáms (skipstjórn og vélstjórn) og námið fari af stað.
- Lokið verði við innleiðingu O365.
- Fræðslumiðstöð setji formlega starfsþróunaráætlun fyrir starfsfólk miðstöðvarinnar.

## Fjárhagsáætlun 2022

Fjárhagsáætlun byggir á þeim starfsmarkmiðum sem Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur sett sér á árinu 2022 og þeim forsendum sem fyrir þeim liggja.

Í janúar 2022 voru fastir starfsmenn 7 í um það bil 4,55 stöðugildum. Miðstöðin mun áfram reka mannaðar starfsstöðvar á Ísafirði og Patreksfirði og leitast við að bjóða upp á þjónustu um alla Vestfirði.

Heildartekjur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2022 eru áætlaðar um 96,4 milljónir og heildargjöld um 94,2 milljónir króna.

Nánari sundurliðun er í meðfylgjandi töflum. Það er gert ráð fyrir endurnýjun á húsbúnaði og tækjum á árinu 2022.

Tekjur	Raun 2021	Áætlun 2022
<b>Framlög og styrkir</b>		
Rekstrarsamningar vegna framhaldsfræðslu	20.000.000	20.000.000
Viðbótarframlag vegna framhaldsfræðslu	6.500.000	6.900.000
Styrkir	6.456.254	4.900.000
Styrkir geymdir til næsta árs, breyting	(3.432.100)	
Samtals	<b>29.524.154</b>	<b>31.800.000</b>
<b>Sí- og endurmenntun</b>		
Framlög frá ríki v. Íslenska f. útlendinga	4.500.000	5.200.000
Framlög frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	37.541.900	31.200.000
Greitt af þátttakendum	25.602.782	27.000.000
Endurgreiddur brúarkostnaður	1.148.976	1.200.000
	<b>68.793.658</b>	<b>64.600.000</b>
Samtals tekjur	<b>98.317.812</b>	<b>96.400.000</b>
<b>Gjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld	(56.143.649)	(55.500.000)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(7.555.456)	(9.000.000)
Annar rekstrarkostnaður	(7.932.467)	(8.200.000)
Verkefna- og námskeiðskostnaður	(21.920.719)	(22.300.000)
Fyrningar/afskriftir	(267.710)	(200.000)
	<b>93.820.001</b>	<b>95.200.000</b>
<b>Afkoma fyrir vaxtaliði</b>	<b>4.497.811</b>	<b>1.200.000</b>
<b>Vaxtaliðir</b>	<b>(376.350)</b>	
<b>Hagnaður (tap)</b>	<b>4.121.461</b>	

## Vottaðar námsleiðir

Framlög Fræðslusjóðs til kennslu vottaðra námsleiða árið 2022 er 18.247.000 þúsund krónur. Áætlað er að kenna 8 námsleiðir í 13 hópum. Reiknað er með að meðaltali rúmlega 10 þátttakendum í hverjum hópi.



Vottaðar námsleiðir sem áætlað er að kenna árið 2022.

Námsleið	Hópar
Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk	2
Líf og heilsa	1
Velferðartækni	2
Ferðapjónusta	2
Stökkpallur	1
Móttaka og miðlun	1
Tæknilæsi og tölvuþjónusta	2
Uppleið	2
<b>Alls kennsla</b>	<b>13</b>

### Náms- og starfsráðgjöf

Framlag Fræðslusjóðs til náms- og starfsráðgjafar á árinu 2022 er 5.136 þúsund krónur auk 250 þúsund króna í akstur og ferðalög. Áætlað er að þetta dugi fyrir um 410 viðtölum.

### Raunfærnimat

Framlag Fræðslusjóðs til raunfærnimats á árinu 2022 eru samtals 7.658 þúsund krónur og skiptist þannig á greinar:

- Fiskvinnsla og fiskeldi
- Iðngreinar í samstarf við IÐUNA
- Þjónustubrautir
- Skipstjórn (samstarf Viska)
- Almenn starfshæfni

Milli ára voru færðar kr. 5.846.850 til raunfærnimats en heimilt er að vinna fyrir það fjármagn út júní 2022.

### Íslenska fyrir útlendinga

Fræðslumiðstöð Vestfjarða gerir ráð fyrir að kenna 35 námskeið í íslensku fyrir útlendinga á árinu 2022 (eitt auka námskeið vegna viðbótarúthlutunar). Hvert námskeið er 30 kennslustundir og er gert ráð fyrir 10 þátttakendum á hverju námskeiði. Námskeiðin hafa ýmist verið stað- eða fjarkennd.

### Fullorðinsfræðsla fyrir fólk með fötlun

Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur í mörg ár verið í samstarfi við Fjölmennt – símenntun og þekkingarsetur um kennslu og þjónustu við fólk með fötlun. Hefur Fjölmennt veitt styrki til þeirrar kennslu.

### Erlend verkefni

Fræðslumiðstöð Vestfjarða er þátttakandi í einu Evrópuverkefni sem er Blue Mentor. Þátttökupjóðir eru Ísland, Noregur og Skotland. Markmið verkefnisins er að bæta fiskeldisnám og

gera það aðgengilegt í dreifðum byggðum. Sjónum verður beint að samfelldri námsskrá milli skólastiga og starfsþjálfun á vettvangi.

### Þjónusta við fyrirtæki og stofnanir

Fræðslumiðstöð Vestfjarða býður fyrirtækjum og stofnunum stuðning í fræðslu- og starfsmannamálum.

- Aðstoð við starfsmannaþróun með námskeiðum fyrir atvinnulífið.
- *Fræðslustjóri að láni* þar sem fram fer greining fræðsluþarfa með greiningarkerfinu Markviss og eru verkefni styrkt af starfsmenntasjóðum.
- Fræðsluáætlanir.
- Sérniðin starfstengd námskeið samkvæmt beiðnum fyrirtækja og stofnana.
- Leiðsögn um hvar er hægt að sækja um styrki vegna fræðslu starfsmanna.
- Hæfnigreining starfa.

### Lokaorð

Verkefni Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða eru fjölbreytt. Þrátt Covid og þær skorður sem samkomutakmarkanir settu héldu flest verkefni áfram, sum eftir nýjum leiðum með hjálp fjarfundabúnaðar. Það er ljóst að faraldurinn hefur haft bæði neikvæð og jákvæð áhrif. Síðustu tvö ár hafa ögrað fyrri viðmiðum og knúið á endurskoðun og framþróun. Í aðstæðum sem þessum er mikilvægt að starfshópurinn sé samstilltur og skapandi og búi yfir aðlögunarhæfni og seiglu og það er svo sannarlega raunin.

Rannsóknir hafa sýnt að það gerir einstaklingum gott að tileinka sér nýja færni, bæta við sig þekkingu og takast á við nýjar áskoranir. Það er aldrei of seint að byrja að læra eitthvað nýtt, það þarf bara að þora. Þeir sem temja sér gróskuhugarfar eiga auðveldara með að prófa nýja hluti. Við val á námi eða námskeiði skiptir máli að hafa í huga áhugasvið, styrkleika og þarfir. Það hefur enn fremur verið sannað að það að læra nýja hluti eykur sjálfstraust, trú á eigin getu, þroska, hæfni og von. Með auknu sjálfstrausti eykst vellíðan sem auðveldar mannleg samskipti og minnkar líkur á félagslegri einangrun. Nám er auk þess góð leið til að næra andann. Starfsfólk Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða leggur sig fram um að bjóða upp á góða þjónustu í tengslum við sí- og endurmenntun á Vestfjörðum. Verið öll velkomin í Fræðslumiðstöð okkar allra og leggjum saman grunn að vexti og vellíðan í samfélaginu.

Takk fyrir samstarfið á árinu 2021, með von um gróskumikið og lærdómsríkt starfsár

*Sædís María Jónatansdóttir, framkvæmdastýra*